

Óbyggðanefnd  
Skuggasundi 3  
101 Reykjavík

Reykjavík, 24. janúar 2023.

#### EFNI: BREYTING Á KRÖFUGERÐ Í MÁLUM 1-8/2021

Í kjölfar framlagninga greinargerða landeigenda, sögulegra greinargerða Þjóðskjalasafns Íslands, málflutnings og framburða landeigenda við aðalmeðferðir í málum 1-8/2021 hefur íslenska ríkið tekið kröfur sínar til endurskoðunar. Með framlögðum greinargerðum hefur nokkur fjöldi nýrra skjala komið fram sem íslenska ríkið telur að varpi ljósi á atriði sem voru óljós við gerð kröfulýsinga og greinargerða. Meðal annars vegna hins skamma tíma sem leið frá því að greinargerðir lágu fyrir og þar til málin voru flutt munnlega var ómögulegt að meta málin heildstætt, auk þess sem að hluti greinargerða, kröfulýsinga og önnur gögn voru fyrst lögð fram við aðalmeðferðir í framangreindum málum. Engu breytti um framangreint þó sum hinna nýju gagna hafi áður verið sett inn á skjalasvæði máls.

Meðal gagna sem hafa komið fram eru landamerkjabréf og önnur skjöl þar sem merkjum jarða eru gerð skil sem ekki lágu fyrir áður. Íslenska ríkið leggur landamerkjabréf jarða almennt til grundvallar, enda séu viðkomandi landamerkjabréf skýr með tilvísun til örnefna eða staðhátta á landi viðkomandi jarða, s.s. lækja, kletta eða gilja, og ekki í andstöðu við aðrar skriflegar heimildir. Þrátt fyrir framangreinda afstöðu eru landamerkjabréf ekki lögð til grundvallar í þeim tilvikum þar sem fyrir liggja eldri landamerkjabréf og ef ráða má af texta þess yngra að merkjum viðkomandi jarðar er lýst með víðtækari hætti en gert var í hinu eldra bréfi, nema á slíkri breytingu séu skýringar.

#### Mál 1

Íslenska ríkið telur ekki tilefni til breytinga á kröfugerð í máli 1.

**Mál 2**

Við aðalmeðferð í máli 2 var gerð grein fyrir breytingu á texta kröfugerðar vegna svæðis „Skjöldur, Bæjarfjall og Þverfjall“ þannig að punktur nr. 1 á kröfulínu ríkisins skyldi nefndur „vestasti punktur Skjaldar í fjallsbrún ofan við Djúpadalspolla“.

Jafnframt var upplýst að merkingar á kröfulínukorti hefðu víxlast þannig að punktur nr. 2 hefði verið merktur þar sem punktur nr. 3 ætti að vera og öfugt. Texti í kröfugerð í kröfulýsingu væri hins vegar réttur.

**Mál 3**

Íslenska ríkið telur ekki tilefni til breytinga á kröfugerð í máli 3.

**Mál 4*****Hestfjall***

Íslenska ríkið fellur frá kröfu um þjóðlendu á Hestfjalli. Er fallist á að í landamerkjabréfi Hafurhests, auk landamerkjabréfa aðliggjandi jarða í Álftafirði, sé landamerkjum lýst að vatnaskilum, eða svæði sem liggur þar mjög nærri.

***Botn - Búrfell***

Með hliðsjón af landfræðilegum aðstæðum jarðanna Botns í Súgandafirði og Tungu í Skutulsfirði, landamerkjabréfum jarðanna er fallið frá kröfu um þjóðlendu á kröfusvæðinu „Búrfell“ sem er fyrir botni Súgandafirði, sbr. málflutningsyfirlýsing við aðalmeðferð í máli 4/2021.

**Mál 5****Borg**

Íslenska ríkið gerir eftirfarandi breytingar á kröfu um þjóðlendu á svæðinu *Fjallendi vestan Glámu*. Er fallist á að í landamerkjabréfi Borgar felist hringlýsing á merkjum jarðarinnar sem afmarkist m.a. af upptökum Hofsár. Í málinu liggur fyrir greining Veðurstofu Íslands á upptökum árinna og eru staðirnir auðkenndir með bláum stjörnum á þremur stöðum. Í breyttri kröfugerð miðar íslenska ríkið upphafspunkt sinn við vatnaskilalínu sunnan Sjónfríðar og þaðan í beinni línu í upptök Hofsár, sem liggur á milli punkta 7 og 8 í kröfugerð landeiganda (stjarnan á milli punkta 7 og 8 samkvæmt skýrslu Veðurstofu Íslands) og þaðan eftir kröfulínu landeigenda í kröfupunkta landeigenda nr. 7 og 6 og þaðan í kröfulínu íslenska ríkisins. Íslenska ríkið telur rétt að miða kröfulínu við framangreint enda fari kröfulínan íslenska ríkisins saman við þá kröfulínu sem landeigendur hafa sjálfir talið að séu rétt merki jarðarinnar.

## Hjallkárseyri, Gljúfurá og Karlsstaðir

Íslenska ríkið telur ekki tilefni til breytinga á kröfugerð við Hjallkárseyri, Gljúfurá og Karlsstaði. Í málinu liggja fyrir landamerkjabréf Hrafnseyrar frá 1922, Karlsstaða frá 1923 og Hjallkárseyrar frá 1923. Í landamerkjabréfi Hjallkárseyrar eru merki „á fjalli uppi“ sögð vera þar sem vötnum hallar til Hjallkárseyri frá Snjódalsgljúfra, að utan til Grjótár að innan. Að mati íslenska ríkisins ber að horfa til þess að framangreind landamerkjabréf, þar sem merkjum á fjalli er lýst þar sem vötnum hallar, eru frá 1922 og 1923 og þeirrar staðreyndar að lýsing landamerkjabréfanna eru ekki í samræmi við eldri skriflegar heimildir. Í fornbréfasafni segir m.a. um landamerki Hjallkárseyrar:

Hjallkarseire æ land ad utanverdu fra ista hędargile og þ(a)d(an) fra fionu til fialls allt til Sniędalsgliuufra. þar epter ređr bruun til Griootar og hun nidr til siafar. Hjallkarseiri æ skogarhogg ad nitium i alftamirartungur og skal þadan jafnan lęta menn roa á alftamyri.<sup>1</sup>

Einnig kemur fram í undirmati II í fasteignamati Vestur-Ísafjarðarsýslu frá 1916–1918 að merki jarðarinnar að utan séu „utan Hjallkárseyrarhryggur eða gil en um merkin að innan er vísað í jörð nr. 10 í fasteignamatinu“.

Í umfjöllun um Gljúfurá í fasteignarmatinu frá sama tíma segir um landamerki jarðarinnar; „að utan sjá Karlstaði, að innan Hjallkárseyrargil.“ Í undirmati II eru merkin sögð „að utan Þorbjarnargil“.

Í biskupsvísitasíu um Hrafnseyrarkirkju frá 26. ágúst 1639 segir meðal annars:

hun a vtan sig hejmland allt. karlstade aff hejmlandi bygd og hornstrónd med óllum gjædum tolla i vrdum huórutueggjum og lætravijk. Gejrþiofsfiórd mille kollagótu og Stapagils. vtan Jtók i Skogaskog i Sujdnjngsdal ä Nedstu kleiff. kälfarekstur og Suijna og hallda uppe hagagarde Skögarhógg i huammaskög sem vill. Skögarhogg i kirkjubólsland ä 60 hesta huort haust. Skögarhógg i Puerárdal. torffskurd i Brejdamýre sem vill. Landamerke Stadarins frá hraffnseyrar ä ad utan og Jnn i Þorbjarnardalsä. hjer til a kirkjann.

Með byggingarbréfi, dagsettu 8. september 1766, byggði sr. Hallgrímur Jónsson Auðunni Árnasyni hjáleiguna Hrafnseyrarhús frá fardögum 1767 til fardaga 1768.

Í úttekt á Hrafnseyrarkirkju frá 27. júní 1768 segir eftirfarandi um landamerki staðarins:

Landamerke Stadarens fra Rafns Eyrarä ad utann, og inn i Þorbiarnardalsä

Hinn 30. apríl 1852 lögfesti sr. Oddur Sveinsson jörðina Hrafnseyri en sr. Sigurður Jónsson prófastur staðfesti lögfestuna með undirskrift 12. maí sama ár. Lögfestan var

<sup>1</sup> DI IX, bls. 28–30.

upplestin við manntalsþing að Auðkúlu 15. maí sama ár þar sem Ólafur Jónsson á Auðkúlu mótmælti henni. Efni hennar er svohljóðandi:

Samkvæmt embættisskyldu minni – þar eg er nýkominn að því mér tiltrúada Rafnseyrar-beneficio – lögfesti eg hérmed, eptir því sem eldri og yngri kyrkjunnar löggyldu máldagar tilgreina Rafnseyrar-stadarland með eptirfylgjandi ummerkjum: að innanverdu inní Þorbjarnardalsá, eptir því sem áin rædur og rennur frá fjalli til fjöru, en að utanverdu útad Rafnseyrará, og rædur hún landamerkjum frá fjöru, þángadtil hin sonenfnda Geldíngadalsá tekur við, sem úr því rædur landamerkjum stadarins á þá síduna. – Þar eg bædi eptir áminstum máldögum kyrkjunnar, og samkvæmt gamallra, kunnugra og áreidanlegra manna frásögn veit ei betur enn þetta séu nú hin réttu landamerki Rafnseyrarstadar, so lögfesti eg alt þetta land undir kyrkjuna – í von um stadfesta þínglýsingu af vidkomandi Sýslumanni – samkvæmt áminstum landamerkjum, sem héðanífrá skulu álitast hin réttu landamerki stadarins og kyrkjunnar á Rafnseyri.

Að mati íslenska ríkisins eru framangreindar heimildir í samræmi við landamerkjabréf Hrafnseyrar frá 1890 þar sem merkjum jarðarinnar er lýst með eftirfarandi hætti;

Þorbjarnará að innan og milli Rafnseyrar og Auðkúlu, þjóðvegurinn yfir Rafnseyrarheiði ofan að Geldíngadalsá, og síðan ræður Rafnseyrar merkjum til sjóar.

Voru framangreind merki byggð á sátt milli eiganda Auðkúlu, Ólafs Ólafssonar og prestsins að Rafnseyri Odds Sveinssonar 12 mars 1857.

Að mati íslenska ríkisins bera hinar eldri skriflegu heimildir ekki með sér að merki jarðanna hafi legið um vatnaskil eins og gert er í landamerkjabréfum Hrafnseyrar frá 1922, Karlsstaða frá 1923 og Hjallkárseyrar frá 1923. Er á því byggt að landeigendur geti ekki einhliða aukið við land sitt með gerð nýrra landamerkjabréfa.

### Hjarðardalur

Íslenska ríkið fellur frá kröfu um þjóðlendu á Hjarðardal. Er fallist á sjónarmið landeigenda að Hjarðardalur sé í sameign Ytri- og Innri Hjarðardals.

### Hestfjarðarkot

Íslenska ríkið telur ekki tilefni til breytinga á kröfugerð sinni um þjóðlendu á svæðinu Hestfjarðarkot þrátt fyrir að jörðin hafi verið talin Kristfjárjörð.

Samkvæmt lögfræðiorðasafni Fons juris er kristfjárjörð sama og „kristfé“. Um það segir:

Skilgreining: Fjármunir, oft jarðir, ítök o.fl., sem gefnir voru Kristi (eins og það var orðað) til þjóðþrifamála, einkum til styrktar og hjálpar fátækum.



Skýring: K. stofnaðist einkum í kaþólskum sið. Kristfjárkvöð hvíldi þannig á mörgum jörðum, svo sem að á jörðinni eða af afrakstri hennar skyldu styrktir svo og svo margir fátæklingar, örvasa gamalmenni, fatlaðir, ekkjur og munaðarleysingjar, en einnig gat kristfjárkvöð falist í því að haldið skyldi uppi, á kostnað k., ferju á fljóti (m.a. til að ferja fátæka menn). Ýmsar kristfjárjarðir (þ.e. jarðir sem voru að öllu leyti k. eða sem kristfjárkvöð hvíldi á) héldust sem sérstakar eignir fram til nútíma. Upplýsingar um k. í máldögum geta m.a. enn notast til sönnunar í landamerkjámálum og annars konar málum út af eignarrétti að landi.

Hvergi virðist í lögum vera gerð grein fyrir því hver sé eigandi slíkra jarða eða stöðu þeirra að öðru leyti. Hins vegar eru nýleg dæmi um umfjöllun slíkra jarða vegna sölu þeirra, t.d. í lögum um ráðstöfun andvirðis vatnsréttinda kristfjárjarðanna Merkis og Arnarhóls nr. 48/2008 þar sem sveitarstjórn Fljótisdalshéraðs var heimilað að ráðstafa andvirði vatnsréttinda jarðanna til félagslegra framkvæmda í sveitarfélaginu. Skyldi ráðstöfun andvirðis vatnsréttindanna vera háð samþykki ráðuneytis. Jafnframt í lögum nr. 25/2005 um sölu kristfjárjarðarinnar Utanverðuness í Skagafirði.

Í athugasemdum við frumvarp það sem var að lögum nr. 25/2005 segir m.a.:

„Fumvarp þetta er samið í félagsmálaráðuneytinu og er það lagt fram samkvæmt erindi sýslumannsins á Sauðárkróki sem situr í stjórn Utanverðunesslegats ásamt prófastinum í Skagafjarðarprófastsdæmi. Kristfjárjarðir voru hluti af fátækraframfærslu sveitarfélaga fyrr á öldum. Jarðirnar voru gefnar í því skyni að fátæklingar í viðkomandi hreppi mættu njóta afgangalds eftir þær um aldur og ævi. Upphaflega voru þessar jarðir í umsjá kirkjunnar, en frá 19. öld hafa kirkjuleg yfirvöld almennt haft lítil afskipti af þeim. Hefur umsýsla kristfjárjarða frá þeim tíma almennt verið í höndum viðkomandi sveitarstjórna og hefur afgangald þeirra a.m.k. stundum runnið í sveitarsjóð [...]Afla verður sérstakrar lagaheimildar til sölu kristfjárjarða þar sem þær eru yfirleitt eigin eign, sem líkja má við sjálfseignarstofnun, eða eign sjóðs eins og er í þessu tilfalli. Hefur Alþingi ávallt sett það skilyrði að söluandvirði verði varið í samræmi við fornan tilgang kristfjárjarðarinnar.“

Af framangreindu má ráða að kristfjárjarðir teljast ekki til eignarlanda viðkomandi sveitarfélags, enda þyrfti ekki að afla sérstakrar lagaheimildar til ráðstöfunar ef svo væri.

Þrátt fyrir að skriflegar heimildir bendi til þess að Hestfjarðarkot hafi verið kristfjárjörð byggir íslenska ríkið á að eignarréttur, eða n.t.t. eignarhald eða sjálfseignarstofnunin sjálf, hafi fallið niður þar sem meðferð jarðarinnar og tekna sem

hún aflaði hefur ekki verið ráðstafað í þágu þess málefnis sem gert var ráð fyrir í upphafi. Kom þetta m.a. fram í framburði sveitarstjóra Súðavíkurbrepps sem lýsti því yfir að tekjur af jörðinni hafi verið ráðstafað sem almennar tekjur inn til sveitarfélagsins. Skrifleg gögn sem lögð hafa verið fram af sveitarfélaginu styðja framburð sveitarstjórans. Að mati íslenska ríkisins eru engin gögn sem sýna fram á framsal eignarréttar eða breytingu á eignarhaldi jarðarinnar til handa sveitarfélagsins. Með vísan til framangreinds verður því ekki annað ráðið en að annað hvort sé jörðin enn kristfjárjörð eða þjóðlenda.

Hvað varðar afmörkun kröfusvæðisins til norðurs telur íslenska ríkið að skriflegar heimildir bendi til þess að Hestfjarðarbrúnir, norðan Seleyrar, séu utan eignarlands Eyrar.

### **Kleifar, Stóri kambur og Borg**

Íslenska ríkið gerir ekki breytingar á kröfu um þjóðlendu í jörðina Kleifar. Eins og kemur fram í greinargerð íslenska ríkisins gerði landeigandi grein fyrir landamerkjasteini sjávarmegin við Djúpveg í vettvangsskoðun þann 21. ágúst 2021, n.t.t. við Ytri-krosshrygg. Jafnframt greindi landeigandi frá landamerkjavörðu á fjallsbrún sem skilur að merki milli Eyrar og Kleifa. Skriflegar heimildir, aðrar en landamerkjabréf sem gerð voru 27. janúar 2009, 8. október 2009 og 7. maí 2010 benda ekki til þess að merki Kleifa hafi legið úr landamerkjavörðunni, þaðan í Valahnjúk og þaðan eftir vatnaskilum í Sjónfríð. Jafnframt benda skriflegar heimildir til þess að merki jarðarinnar Kleifa hafi einungis náð að Ögurbúðadalsá en ekki Hundsá eins og kemur fram í landamerkjabréfinu frá 7. maí 2010. Byggir íslenska ríkið á að landeigendur geti ekki einhliða aukið við land sitt með gerð nýrra landamerkjabréfa. Breytir þar engu að Súðavíkurbreppur hafi undirritað landamerkjabréfið. Þá er jafnframt byggt á að krafa Súðavíkurbrepps vegna Stóra Kambs skuli ná allt að Ögurbúðadalsá styðji sjónarmið íslenska ríkisins um að jörðin eigi ekki land að Hundsá.

Vegna kröfu um þjóðlendu í landi Borgar kom í ljós í málflutningi að kortagrunnur og merking örnefna hafi reynst rangur í nokkrum tilvikum. Kom meðal annars í ljós að staðsetning Rjúkanda í Skötufirði var röng á kortum. Við aðalmeðferð málsins voru landeigendur Kleifa og Borgar sammála um hina röngu staðsetningu og staðfestu rétta staðsetningu á korti. Þá var jafnframt greint frá því að Rjúkandi afmarkaði Stóra Kamb að austanverðu. Með vísan til þessa gerir íslenska ríkið breytingu á framsetningu á kröfugerð sinni á korti, að því marki sem hún liggur um jörð Borgar, þannig að kröfulínan milli punkta 5 og 6 liggi um Rjúkanda og í upptök hennar í Rjúkandavatni. Þaðan sjónhending í austur í vatnaskil samkvæmt Veðurstofu Íslands að mörkum Botns í Mjóafirði. Með framangreindu færast

kröfupunktur 7 í suðvestur á móts við Rjúkandavatn. Þaðan eins og í kröfulýsingu greinir, þ.e. eftir línu sem vötnum hallar að Botni í Mjóafirði og í upphafspunkt.

#### Mál 6

Íslenska ríkið telur ekki tilefni til breytinga á kröfugerð í máli 6.

#### Mál 7

##### Furufjörður

Íslenska ríkið fellur frá kröfu um þjóðlendu í Furufirði. Fallist er á að landamerkjabréf Furufjarðar lýsi merkjum jarðarinnar á móts við Paralátursfjörð eftir vatnaskilum. Fellst íslenska ríkið á framangreint þrátt fyrir merkjum sé ekki lýst til jökuls í landamerkjabréfinu, þ.e. úr klettinum Könnu og þaðan beina sjónhendingu upp á brún, og svo eftir hæsta fjallshrygg austanvert fjarðarins og vestur á miðja Skorarheiði.

##### Paralátursfjörður

Ekki eru gerðar breytingar á kröfugerð íslenska ríkisins í Paralátursfirði. Íslenska ríkið byggir kröfu sína á að eignarréttur á jörðinni hafi fallið niður eftir að jörðin fór í eyði, sbr. yfirlýsingar á manntalsþingi að Stað 3. júlí 1862 og 30. júlí 1863, sbr. bls. 104 í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands. Að mati íslenska ríkisins liggja ekki fyrir skriflegar heimildir um hvort, eða hvernig, til eignarréttar hafi stofnast í Paralátursfirði eftir að jörðin fór í eyði. Samkvæmt Sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands, bls. 105, er jörðin skráð í eigu Baldurs Sveinssonar samkvæmt undirmati II í fasteignamti Norður-Ísafjarðarsýslu frá 1916-1918. Að mati íslenska ríkisins liggur ekki fyrir með fullnægjandi hætti hvernig eignarréttur til handa Baldri Sveinssyni stofnaðist.

##### Reykjafjörður og Sæból

Í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands er jarðanna Kirkjubóls og Sæbóls m.a. getið á bls. 114-117. Óljóst er hvort um sé að ræða eina og sömu jörðina. Skriflegar heimildir benda einnig til þess að Sæból hafi verið eyðihjáleiga Kirkjubóls, sbr. bls. 117. Skriflegar heimildir benda til þess að jörðin/jarðirnar hafi verið nærri Siglúvík og fjallinu Geirhólmi í Reykjafirði, sbr. bls. 115, 117 og 120. Þrátt fyrir framangreinda lýsingu vísar greinargerðin jafnframt til þess að Kirkjuból hafi verið á milli Furufjarðar og Reykjafjarðar, sbr. bls. 115. Engar frekari skýringar á framangreindu koma fram í kröfulýsingum eða greinargerðum.

Þá er Knyttilsstaða einnig getið í greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands sem eyðijarðar. Staðsetning hennar er ókunn þó hún sé talin hafa verið í Reykjafirði eða á Paralátursnesi. Engar skýringar á staðsetningu jarðarinnar komu fram við aðalmeðferð málsins.

Í ljósi framangreinds byggir íslenska ríkið á að jörðin Kirkjuból, Knyttilsstaðir og Sæból hafi jafnframt farið í eyði og að eignarréttur hafi fallið niður, sbr. bls. 118-119. Er sérstaklega vísað til þess að Söguleg greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands bendir til þess að eignarréttur hafi fallið niður á Sæbóli og skriflegar heimildir um afdrif jarðarinnar eftir gerð landamerkjabréfs 8. janúar 1892 liggja ekki fyrir. Þá verður ekki séð að Sæból sé skráð í fasteignaskrá.

Óumdeilt er að eignarréttur stofnaðist á jörðinni Reykjafirði og virðist sem að jörðin hafi ekki farið í eyði. Merki Reykjafjarðar á mótí Paralátursfirði er einungis sögð vera í Kerlingadyr í fjallsbrún ofan við Kerlingavík. Merkjum jarðarinnar inn til landsins er ekki lýst í landamerkjabréfi jarðarinnar. Á bls. 106-107 í sögulegri greinargerð Þjóðskjalasafns Íslands er hins vegar vísað til ferðabókar Eggerts Ólafssonar og Bjarna Pálssonar frá 1754 þar sem kemur fram að einungis tæp 1 míla hafi verið frá ströndinni að jökul sporði. Með vísan til framangreinds er byggt á því að stofnun eignarréttar í Reykjafirði hafi takmarkast við láglandi og svæði við sjávarströndina. Hins vegar er óljóst hvort Paralátursnesið hafi verið hluti jarðarinnar eða hvort nesið hafi verið hluti jarðarinnar Knyttilsstaða sem fór í eyði. Merki jarðarinnar Reykjafjarðar eru því ekki þekkt ef frá eru talin örnefnin Kerlingadyr og Reykjafjarðarós.

### *Snæfjallaströnd*

Auk framangreinds mun Íslenska ríkið breyta framsetningu á kröfupunktum 2, 12, 16 og 18 þar sem komið hefur í ljós að kröfupunktarnir eru rangt staðsettir á kröfukorti. Hefur þetta m.a. leitt til þess að breyta þarf númerum á kröfupunktum 13-23 án þess þó að það hafi áhrif á staðsetningu þeirra, sbr. þó framangreint.

## **Mál 8**

### **Horn**

Við aðalmeðferð í máli 8/2021 var lýst yfir af hálfu íslenska ríkisins að fallið yrði frá kröfu um þjóðlendu í jörðina Horn í Hornvík, að frátöldu Hornbjargi. Byggði afstaða íslenska ríkisins á landamerkjabréfi Horns í Hornvík sem lagt var fram við aðalmeðferð málsins. Afmarkast kröfusvæðið nú frá punkti nr. 3 í kröfugerð íslenska ríkisins og að punkti nr. 4. Þaðan liggur kröfulínan upp að bjargbrún ofan við punkt nr. 4 og svo eftir bjargbrúninni að punkti nr. 3.



## Hesteyri

Íslenska ríkið telur ekki tilefni til þess að gera breytingu á kröfugerð í Hesteyrarfirði þrátt fyrir að tiltekinni nýtingu hafi verið lýst á svæði sem afmarkast af Hesteyrará og Hreggnasa við aðalmeðferð málsins. Byggist afstaða íslenska ríkisins m.a. á þeirri staðreynd að landamerkjabréf jarðarinnar liggur ekki fyrir þrátt fyrir að almennt hafi heimildum um daglegt líf og rekstur jarðarinnar verið haldið til haga með skriflegum hætti. Þá benda skriflegar heimildir til þess að landeigendur hafi litið svo á að heimaland jarðarinnar hafi verið utan við Hesteyrará.


Í sóknarlýsingu er sérstaklega tekið fram að heimajörðin hafi verið metin 12 Hdr. en öll 24 Hdr. Þessi framsetning á verðmæti jarðarinnar gefur að mati íslenska ríkisins jafnframt vísbendingu um að allt land við Hesteyrarfjörð hafi ekki verið beinum eignarrétti háð. Þá er Hesteyrarfirði lýst sem afréttarlandi í lýsingu á afréttarlöndum Staðarsóknar. Að mati Íslenska ríkisins fékk þessi lýsing stuðning í skýrslutökum við aðalmeðferð málsins þar sem fram kom að sauðfé hafi verið flutt á bátum þvert yfir fjörðinn til beitar. Í framburði var þess sérstaklega getið að leiðin frá heimajörðinni fram Hesteyrarfjörðinn og út að Hvannabökkum hafi verið erfið yfirferðar.

Íslenska ríkið telur að leiga á landi undir hvalstöð, sem íslenska ríkið telur að sé innan þjóðlendu, geti hvað sem öðru líður ekki stofnað eignarrétt á stærra svæði en leigt var.

\* \* \*

Óskað verður eftir lagfæringum á kröfukortum til samræmis við framangreint. Er því velt upp hvort samhliða sé rétt að gera aðrar breytingar á kortunum sem fyrir liggur að gera þarf. Telji óbyggðanefnd svo ekki vera verður verður sérstaklega óskað breytinga á kortunum í samræmis við framangreint.

Virðingarfyllst,  
f.h. Landslaga

  
Ívar Pálsson lögmaður